

**Nd.**

**410. Nefndarálit**

um frv. til laga um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna í verzlunum og skrifstofum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og telur réttmætt, að sett verði svipuð ákvæði um verðlagsuppbót á laun starfsfólks þess, sem í frumvarpi þessu getur, eins og þau, sem endanlega verða samþykkt um laun embættis- og starfsmanna ríkisins. En þar sem enn er ekki séð, hversu þau verða, fyrr en breytingartillögur þær, sem fyrir liggja, hafa komið til atkvæðagreiðslu, þá telur nefndin rétt að láta frumvarp þetta halda áfram sambliða hinu frumvarpinu, og mun þá síðar bera fram breytingartillögur við það, til að samræmi haldist.

Alþingi, 9. apríl 1940.

Sveinbjörn Högnason,	Jón Pálmason,	Ásgeir Ásgeirsson,
form., frsm.	fundaskr.	með fyrirv.
Stefán Stefánsson.	Steingr. Steinþórsson.	